

Alþingi

Erindi nr. þ 117 11439

komudagur 1914 1994

**NOKKRAR ATHUGASEMDIR VARÐANDI FRUMVARP TIL
LAGA UM VÁTRYGGINGASTARFSEMI:**

1. Til þess að íslenskir vátryggingartakar geti valið á milli erlendra og íslenskra tryggingafélaga er grundvallaratriði að breyta núverandi frumvarpi til laga um vátryggingarstarfsemi til að tryggja þeim þá valkosti. Verður þá að hafa í huga að hinn íslenski vátryggingartaki verði sem best upplýstur um allt sem viðkemur hinum erlenda aðila. Telja verður að 60. grein frumvarpsins uppfylli vel þau skilyrði sem hið erlenda vátryggingafélag þarf að framfylgja varðandi upplýsingar til vátryggingartaka.

2. Hins vegar þyrfti að breyta 1. mgr. 62. gr. þannig að í lok málsgreinarinnar komi : " nema aðilar semji um aðra löggjöf ". Þá væri íslenskum ríkisborgara heimilt að taka erlenda líftryggingu, en slíkt leiðir tvímælalaust til lækkunar á iðgjöldum fyrir íslenska tryggingataka. Hlýtur það að vera eitt af markmiðum þess að tengjast evrópsku efnahagssvæði að nýta stærð markaðarins til þess að bjóða lægra verð á hvers konar þjónustu hér á landi. Einnig er það neytandanum í hag að eiga þess kost að velja það hagkvæmasta og ódýrasta hverju sinni.

BREYTINGARTILLAGA

VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM VÁTRYGGINGASTARFSEMI.

Við fyrstu efnismálgrein 62. grein bætist orðin :

" nema aðilar semji um aðra löggjöf ".